

Föstudaginn 9. apríl 1937.

Nr. 36/1936. **Skúli K. Skúlason**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

**Kristjönu Jensínu Kristjánsdóttur og
gagnsök** (Stefán Jóh. Stefánsson)

Barnsfaðernismál.

Dómur lögregluréttar Ísafjarðar 12. febr. 1936: Ef kærandi, Kristjana Jensína Kristjánsdóttir, innan 6 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, vinnur eið að því á varnarþingi sinu, eftir löglegan undirbúning, að kærður, Skúli Skúlason, hafi haft holdlegt samræði við sig (sic) á tímabilinu frá 15. október til 15. nóvember 1923, að báðum dögum meðtöldum, skal kærður teljast faðir barnsins Áslaugar, er kærandi ól 1. ágúst 1924, og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlög með því, frá 1. september 1934 að telja, skv. yfirvaldsúrskurði, svo og greiða kr. 25,00 í málskostnað.

Verði kæranda hinsvegar eiðfall, á kærður að vera sýkn af kröfum hennar í málinu og málskostnaður að falla niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu dags. 31. marz f. á. og gert þær dómkröfur, *aðallega*, að hann verði algerlega sýknður af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en *til vara*, að úrslit þess verði látin velta á synjunar-eiði hans. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar af gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, hver sem málsúrslit verði. Gagnáfrýjandi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 16. apríl f. á. og gert þær dómkröfur, *aðallega*, að aðaláfrýjandi verði skilyrðislaust

dæmdur faðir barnsins, Áslaugar, svo og til að greiða meðlag með því frá 1. sept. 1934 samkvæmt úrskurði yfirvalds, en *til vara* krefst hún þess, að málið verði látið velta á sönnunareiði hennar, og loks, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áður en mál þetta væri dæmt í héraði, hafði rannsókn á blóði aðilja og barnsins, Áslaugar, farið fram eftir O A B aðferðinni. Nú hefir einnig, samkvæmt úrskurði hæstaréttar, uppkveðnum 25. jan. þ. á., verið framkvæmd blóðrannsókn á téðum manneskjum eftir M N aðferðinni. Niðurstaða hvorrartveggju rannsóknarinnar er sú, að aðaláfrýjandi er af O aðalflokkki og M undirflokkki, en gagnáfrýjandi og barnið eru af A aðalflokkki og M undirflokkki. Getur aðaláfrýjandi samkvæmt þessu verið faðir að barninu, en rannsóknin sannar ekki, að hann sé það. Þess ber að geta, að samkvæmt upplýsingum þeim, sem fyrir liggja í málinu, verður að ætla, að barnið hafi fæðzt fullburða.

Að athuguðum framangreindum atriðum, og með sérstakri tilvisun til annarra atvika málsins, sem réttilega er lýst í hinum áfrýjaða dómi, þykir mega líta svo á, að nægilega sterkar líkur séu framkomnar til þess, að úrslit málsins verði látin velta á sönnunareiði gagnáfrýjanda, sbr. 15. gr. laga nr. 46 frá 1921 og nú 213. gr. laga nr. 85 frá 1936, þannig að vinni hún eftir löglegan undirbúning, innan 8 vikna frá uppsögu dóms þessa, á varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi haft holdlegt samræði við aðaláfrýjanda á tímabilinu

frá 15. okt. til 30. nóvember 1923, að báðum dögum meðtöldum, þá skal hann talinn faðir að meybarni því, Áslaugu, sem gagnáfrýjandi ól þann 1. ágúst 1924, enda greiði aðaláfrýjandi þá meðlag með barninu frá 1. september 1934 eftir úrskurði yfirvalds. Þá skal og aðaláfrýjandi greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 250,00. Ef gagnáfrýjanda verður hinsvegar eiðfall, þá á aðaláfrýjandi að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, enda greiði hún honum samtals kr. 250,00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Ef gagnáfrýjandi, Kristjana Jensína Kristjánsdóttir, vinnur innan 8 vikna frá uppsögu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning eið að því á varnarþingi sinu, að hún hafi á tímabilinu frá 15. október til 30. nóvember 1923, að báðum dögum meðtöldum, haft holdlegar samfarir við aðaláfrýjanda, Skúla K. Skúlason, þá skal hann talinn faðir barns þess, Áslaugar, sem gagnáfrýjandi ól þann 1. ágúst 1924, enda greiði aðaláfrýjandi þá meðlag með barninu frá 1. september 1934 eftir úrskurði yfirvalds. Ef gagnáfrýjandi vinnur eiðinn, þá greiði aðaláfrýjandi henni samtals kr. 250.00 í málskostnað í héraði og hæstarétti.

Ef gagnáfrýjanda verður eiðfall, á aðaláfrýjandi að vera sýkn af kröfum hennar í

máli þessu, enda greiði hún honum þá samtals kr. 250.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, að fengnu málshöfðunarleyfi dómsmálaráðuneytisins, útgefnu 30. marz 1935, höfðað af Kristjönu Jensínu Kristjánsdóttur, Ásvallagötu 64 í Reykjavík, gegn Skúla Skúlasyni, kaupmanni í Bræðraborg á Ísafirði, til viðurkenningar á faðerni barns kæranda, Áslaugar, fæddrar 1. ágúst 1924 í Slagelse í Danmörku, og hefir málið verið rannsakað bæði í lögreglurétti Ísafjarðar og lögreglurétti Reykjavíkur.

Kærandi gerir þær réttarkröfur, aðallega, að kærður verði dæmdur faðir að nefndu barni svo og til að greiða meðlag með því frá 1. sept. 1934 skv. úrskurði yfirvalds, svo og málskostnað að skaðlausu.

Til vara hefir kærandi krafizt þess, að sér verði dæmdur fyllingareiður í málinu.

Kærður gerir þær réttarkröfur, aðallega, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum kæranda í málinu, en krefst þess til vara, að sér verði heimilað að synja fyrir faðerni barns kæranda með eiði.

Kærandi kveðst hafa þekkt kærðan síðan hún var barn, enda séu þau bæði uppalin á Ísafirði. Hún kveðst hafa haft holdlegar samfarir við kærðan í síðari hluta októbermánaðar 1923 í skrautgripaverzlun kærðs á Ísafirði og síðan tvisvar sinnum í nóvembermánuði sama ár í herbergi uppi á lofti í sama húsi. Einnig hefir hún kannazt við það, að gefnu tilefni frá kærðum, að hún hafi haft samræði við hann um eða fyrir 1920, en kveðst ekki geta fullyrt ákveðið, hvenær það hafi verið.

Kærandi neitar því, að hún hafi haft holdlegar samfarir við aðra karlmenn en kærðan á getnaðartíma barnsins og geti því enginn annar en hann verið faðir þess. Hún heldur því fram, að kærður hafi alltaf viðurkennt faðerni barns-

ins fyrir sér og greitt meðlag með því, þar til 1. sept. 1934, en þá hafi hann látið í ljósi við sig, að óvist væri, að hann væri faðir að barninu. Telur hún tilefnið til þess hafa verið það, að kærður hafi verið krafinn um ca. 1000 kr. skuld vegna sjúkrahúslegu barnsins á árunum 1928—1929.

Kærður hefir hinsvegar ekki viljað gangast við faðerni umrædds barns kæranda og kveður það rangt, að hann hafi viðurkennt fyrir kæranda eða öðrum, að hann væri faðir að barni hennar.

Hann kveðst hafa þekkt kæranda frá því þau voru börn. Um eða fyrir 1920 kveðst hann hafa haft holdlegt samræði við kæranda nokkrum sinnum, en síðar ekki fyrr en 12. desember 1923 og hafi þá verið liðin a. m. k. 2 ár frá síðasta samræði þeirra þar á undan. Hafi samræðið 12. des. 1923 átt sér stað að kvöldi þess dags í úrsmíðastofu sinni í húsinu Bræðraborg á Ísafirði, en þangað hafi kærandi komið til sín. Þá um kvöldið hafi það orðið að samkomulagi milli sín og kæranda, að hún kæmi til sín í sömu erindagjörðum næsta sunnudag og hafi hún gert það og þau haft samræði saman í herbergi uppi á lofti í sama húsi. Hinsvegar neitar kærður því, að hann hafi haft samræði við kæranda í október eða nóvember 1923.

Frá því umræddan sunnudag í desember 1923 kveðst kærður ekkert hafa heyrt frá kæranda fyrr en einhverntíma á útmánuðum 1924, en þá hafi hún komið til sín og sagzt vera ólétt. Kveðst hann þá hafa sagt henni, að það gæti ekki verið af sínum völdum. Einnig kveðst hann hafa spurt kæranda, að gefnu tilefni frá henni, hvað hún ætlaði að gera, og hafi hún sagt, að hún vildi helst sigla og eiga barnið erlendis. Kveðst kærður hafa lofað að hjálpa henni til þess eftir megni og hafa gert það, er hún hafi farið til Danmerkur í júní eða júlí 1924. Síðan kveðst kærður hafa hjálpað kæranda um peninga jafnan, er hún hafi beðið sig og hann hafi getað, og telur hann sig vera búinn að hjálpa henni um ca. 3000 kr. samtals.

Peningana til siglingarinnar kveðst kærður ekki hafa látið kæranda í té sem neina viðurkenningu þess, að hann ætti barnið, heldur í vináttuskyni, svo og sökum þess, að það hafi getað verið hættulegt fyrir heilsu móður sinnar, eins og henni hafi þá verið háttað, ef hann hefði staðið í

þjarki útaf þessu, og kveðst hann hafa beðið kæranda að láta ekki koma neinn kvis um þetta heim til móður sinnar.

Kærandi heldur því fram, að kærður hafi boðið sér að sigla eftir að hann vissi, að hún væri ófrísk orðin, og neitar því, að hún hafi beðið hann um styrk til þess að fyrra bragði. Kærður heldur því hinsvegar fram, að kærandi hafi talað um þetta við sig að fyrra bragði.

Héraðslæknir telur, að skv. vottorði ljósmóður beri að telja umrætt barn fullburða fætt, og telur, að barnið muni vera getið eigi fyrr en 15. október 1923 og eigi síðar en 15. nóvember sama ár.

Í málinu hefir farið fram blóðrannsókn, en eigi sker hún úr um faðerni barnsins.

Í málinu hefir eigi fengizt full sönnun fyrir því, að kærður hafi haft samræði við kæranda á getnaðartímabili barnsins, og eigi fyrir því, að hann hafi viðurkennt faðerni barnsins á lögformlegan hátt. Verður aðalkrafa kæranda því eigi til greina tekin.

Með framburði kæranda og kærðs um samræði þeirra á árinu 1923 og með viðurkenningu kærðs á því, að hann hafi lagt kæranda allmikið fé bæði fyrir og eftir fæðingu barnsins þykja hinsvegar fengnar nægar líkur til að láta úrslit málsins vera komin undir fyllingareiði kæranda, þannig að vinni kærandi eftir löglegan undirbúning eið að því á varnarþingi sínu, að kærður hafi haft holdlegt samræði við sig (sic) á tímabilinu frá 15. október til 15. nóvember 1923, að báðum dögum meðtöldum, þá skuli kærður teljast faðir barns þess, er kærandi ól 1. ágúst 1924 og vera skyldur til að greiða að sinum hluta meðlag með því frá 1. september 1934 skv. yfirvaldsúrskurði, svo og greiða málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 25 kr.

Verði kæranda hinsvegar eiðfall, á kærður að vera sýkn af kröfum kæranda í máli þessu og málskostnaður að falla niður.

Eiðsfrestur þykir hæfilega ákveðinn 6 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.